

við frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. E-liður orðist svo:

Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landsambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að tvö ár eru liðin, frá því að haffærisskírteinið rann út. Fáir skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Vátryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Matsmenn þessir skulu enn fremur fylgjast með, hvort um fúaskemmdir sé að ræða í hinum tryggðu skipum. Matsmennirnir skulu við matið og fúaskoðunina fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur, en stjórnin skal hafa samráð við Skipaskoðun ríkisins, að því er varðar reglurnar um fúaskoðun skipanna.
5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunar að jöfnu milli Samábyrgðar og eiganda.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.